



Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólgötu 4,
101 Reykjavík.


Efni: Umsögn um drög að reglugerð um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, mál nr. 85/2020.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) hafa tekið til umsagnar reglugerð um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, mál nr. 85/2020 á samráðsgátt stjórnvalda. Reglugerðin hefur stoð í lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi nr. 26/2010, sem breytt var með lögum nr. 16/2020. Í reglugerðinni er fjallað ítarlega um rafrænar umsóknir um evrópsk fagskírteini, afgreiðslufresti, skil á gögnum og málsmeðferð. Einnig er fjallað um viðurkenningu er veitir takmarkaðan aðgang að störfum, uppþóttarráðstafanir, viðurkenningu starfsþjálfunartíma utan heimalands og nauðsynlega tungumálakunnáttu til faglegra starfa.

Samtökin gera ekki athugasemdir við setningu reglugerðarinnar en vilja aftur á móti áréttta mikilvægi þess að ekki sé vegið að starfs- og tæknimenntun, sem er grunnstoð iðnrekstrar í landinu, bæði við setningu reglugerðarinnar sem og beitingu. Lög um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, sem reglugerðinni er ætlað að útfæra nánar, veitir erlendum ríkisborgurum í aðildarríkjum EES heimild til að veita þjónustu hér á landi, m.a. á sviði lögverndaðra iðngreina, enda uppfylli viðkomandi skilyrði um faglega menntun og hæfi. Iðnmenntun getur verið mismunandi milli landa. Þar af leiðandi getur verið vandasamt að meta hvort umsækjandi uppfylli þau menntunarskilyrði sem íslensk stjórnvöld gera til sinna iðnaðarmanna. SI telur það vera mikilvægt að ekki sé gefinn afsláttur af hæfisskilyrðum enda grundvallaratriði að íslenskir og erlendir iðnaðarmenn starfi á grundvelli sömu reglna. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að eftirfylgni með lögverndun iðngreina er með öllu óásættanlegt og hefur ekkert opinbert eftirlit verið til staðar í þeim tilgangi að hlúa að löggiltum iðngreinum hér á landi og neytendur hlotið skaða af.

Að lokum vilja samtökin ítreka að það er vandséð í hvaða tilvikum skuli veita takmarkaðan aðgang að starfsgrein sem fellur undir iðnaðarlögin, nr. 42/1978. Ber að horfa til þess að einstaklingar sem hafa færni á ákveðnu sviði sem fellur undir lögverndaðar iðngreinar geta eftir atvikum nýtt sér það úrræði að fara í raunfærnimat og þurfa því ekki að ljúka fullu námi í umræddri iðngrein. Líta þarf til þess þegar unnin er reglugerð um viðurkenningu starfa í löggiltum iðngreinum og óska samtökin eftir að fá að koma á framfæri athugasemdum við þá reglugerð.

Virðingarfyllst,


Björg Ásta Þórðardóttir,
lögmaður